

18. janúar **Ásbyrgi** (einn skór) 🏔️

Ásbyrgi er ægifagurt allan ársins hring og alltaf gaman að koma þar. Þetta er ganga fyrir alla fjölskylduna. (5 km)

Mæting kl. 13:00 við Gljúfrastofu.

23. febrúar **Lambanes á Langanesi** (einn skór) 🏔️

Á konudaginn verður gengið um Lambanesið og fallegar fjörur út að Krossósi. Eftir gönguna er tilvalið að mæta í konudagskaffi á Ytra Lóni. (6 km)

Mæting kl. 13:00 við afleggjarann að Ytra Lóni.

8. mars **Aðalfundur Ferðafélagsins Norðurslóðar** (einn skór) 🏔️

Fundurinn verður haldinn á Svalbarði í Pistilfirði. Fyrir fundinn verður gengið í nágrenni fundarstaðar. Mæting í göngu kl. 13:00, aðalfundurinn hefst kl. 14.00

18. apríl **Kirknaganga í Öxarfirði** (einn skór) 🏔️

Á föstudaginn langa verður gengið um Austursandinn, meðfram Sandá og Þangbrandslæk, að Skinnastaðarkirkju. Í göngulok verður boðið upp á hressingu og málshætti. (6 / 10 km)

Mæting kl. 13:00 við afleggjarann niður í Austursand.

24. maí **Krókavatnshringur við Bakkaflóa** (tveir skór) 🏔️🏔️

Gengið frá Þjóðvegi eftir slóða upp að Krókavatni. Síðan niður með Krókavatnsá og Finnafjarðará. Tveggja skóa ferð. (13 km)

Mæting kl. 11:00 við Finnafjarðarána.

11. júní **Hvammshringur í Pistilfirði** (einn skór) 🏔️

Lagt af stað af hlaðinu í Hvammi, gengið upp frá bænum og inn með túnum. Gengið að Hafralónsá og niður með henni og að bænum aftur. Fyrri hluti leiðar gengin á vegi en seinni hluti leiðarinnar í mólendi. Á leiðinni þarf að fara yfir tvo læki. (9 km)

Mæting kl. 18:00 í Hvammi.

16. – 20. júní **Raufarhöfn og nágrenni** (einn skór) 🏔️

Fimm daga bækistöðvarferð. Raufarhöfn er þorp við heimskautsbaug með mikla sögu og birtan er töfrandi á Melrakkaslétu um sólstöðurnar. Gengið verður á tvo nyrstu tanga landsins og komið á söguslóðir Fóstbræðrasögu.

1. dagur, mánudagskvöld: Þátttakendur mæta í Gistihúsið Hreiðrið á Raufarhöfn á Melrakkaslétu og koma sér fyrir. Kl. 20:00 er fundur með fararstjóra um dagskrá næstu daga.

2. dagur: Á og í kringum Raufarhöfn. Gengið meðfram höfninni, að vitanum, um Höfðann, upp að Heimskautsgerði, niður á Klifin, yfir Ásinn, niður að sjó og heim aftur. (10 km.) Síldarsögur og aðrar sögur.

3. dagur: Nyrstu tangar landsins. Ekið út á Melrakkaslétu, gengið út á Hraunhafnartanga, og að Rifi á Rifstanga. (14 km.) Fóstbræðrasaga og búskaparsaga.

4. dagur: Ekið suður fyrir Deildará og gengið upp með ánni, síðan fram Bæjarásinn, út á Hólshöfðann og meðfram sjónum að upphafsreit. (11 km.) Fallegar flúðir og sjávarsýn.

5. dagur: Gengið út á Súlur sunnan Raufarhafnar. Komið við í Krókshöfn og Súlnahöfn. (7 km.)

Nauðsynlegt er að skrá sig í ferðina í síðasta lagi 16. maí. Skráning á ffnordurslod@simnet.is.

Verð: 76.000 / 82.000. Innifalið: Gisting í uppbúnum rúmum, 3x kvöldmatur, göngukort og fararstjórn.

20. júní Sólstöðuganga við Öxarfjörð (einn skór) 🌿

Lagt er af stað síðla kvölds og gengið inn í bjarta sumarnóttina. Gangan er hluti af Sólstöðuhátíð á Kópaskeri. Nánar auglýst síðar.

4. – 9. júlí Náttúra og saga í Kelduhverfi (einn skór) 🌿

Kelduhverfi geymir marga fallega staði, í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum og víðar í sveitinni. Sex daga bækestöðvarferð í fallegu umhverfi þar sem við njótum náttúrunnar í rólegheitum. Gist er í gistihúsinu Garði í Kelduhverfi.

1. dagur, föstudagur: Kvöldmatur á Hótel Skúlagarði kl. 19:00, fundur um komandi daga í Garði kl. 20:00.

2. dagur: Í kringum Lónin vestast í Kelduhverfi. Gengið verður frá Fjallahöfn suður hlíðina vestan Lónanna en þaðan er gott útsýni yfir Lónin. Sunnan Lónanna verður litið eftir uppsprettum og svo verður hringnum lokað með því að ganga norður Flæðarnar austan Lónanna. (11 km.)

3. dagur: Við förum út úr dyrunum og göngum inn í heiðina sem geymir margt skemmtilegt, að Hraunstakkaborg sem er sérstök náttúrusmíð. Við lítum einnig á Skjálftavatnið og göngum meðfram Veggnum og Veggjargjánni. (9 km.)

4. dagur: Svínadalshringur í Vatnajökulspjóðgarði. Skammt suður af Vesturdal liggur Svínadalur, harðbýl en grösug jörð þar sem búið var við fábrotnar aðstæður allt til 1946. Þar tengdust maður og náttúra í samhljómi og átökum, í blíðu og stríðu. Fjölmargar mannvistarleifar og örnefni bera því vitni og segja sögu af horfnum heimi. Komið að Karli og Kerlingu, Kallbjargi og Svínadal áður en hringnum verður lokað í Vesturdal. (7 km.)

5. dagur: Ekið í Vesturdal og gengið þaðan um Hljóðakletta, Rauðhóla og Klappir niður í Ásbyrgi. Frábært útsýni yfir gljúfrin og Ásbyrgið, einstakar jarðmyndanir, jarðsaga og fjölbreytt lífríki. (14 km.)

6. dagur: Kveðjustund og brottför.

Nauðsynlegt er að skrá sig í ferðina í síðasta lagi 1. júní. Skráning á ffnordurslod@simnet.is.

Verð: 124.000 / 130.000 Innifalið: Gisting í uppbúnum rúmum, 5x kvöldmatur, akstur, göngukort, fararstjórn.

10. – 15. júlí Langanes – Fontur (tveir skór) 🌿🌿

Ferð um friðsæla byggð sem var og eyðiborp með mikla sögu, um lífleg fuglabjörg og út á ysta odda Langaness. Gist í fimm nætur á fallegu gistiheimili. Ekki er gert ráð fyrir sameiginlegum mat fyrsta kvöldið.

Á köflum er gengið um óslétt land og þýfða móa og þurfa þátttakendur að vera í góðri gönguþjálfun.

1. dagur, fimmtudagskvöld: Mæting á Gistiheimilið Ytra Lón á Langanesi.

Þátttakendur koma sér fyrir. Kl. 20:00 er fræðslustund og farið yfir dagskrá næstu daga.

2. dagur: Gengið frá Sauðanesi út í Grenjanesvita. Á leiðinni eru margvísleg mannvirki og menningarminjar. Í lok ferðar er komið við í Sauðaneshúsi og síðan haldið að Ytra Lóni þar sem heiti potturinn og kvöldmaturinn bíða. (9 km.)

3. dagur: Gengið um svokallaðan eyðibýlahring og fræðst um sögu bæjanna og byggðarinnar, gróðurinn, fuglana og fjöllin. (15 km.)

4. dagur: Gengið með sjónum frá Lambanesi út að Heiðarhöfn, um Heiðarnesið og til baka eftir Messumelnum. Rekaviður og fallegar fjörur, fullar af lífi. (16 km.)

5. dagur: Ekið upp á Heiðarfjall og ummerki ratsjárstöðvar varnarliðsins skoðuð. Síðan niður í Hrollaugsstaði en þaðan er gengið um Kumblavík og Skálabjarg að eyðiborpinu Skálum. (12 km.) Frá Skálum er ekið út á Font, komið við á Skoruvíkurbjargi sem iðar af fugli og litið á súlubyggðina í Stóra-Karli. Ekið til baka að Ytra Lóni.

6. dagur: Eftir morgunmat er haldið heim á leið.

Nauðsynlegt er að skrá sig í ferðina í síðasta lagi 10. júní. Skráning á ffnordurslod@simnet.is.

Verð: 125.000 / 132.000. Innifalið: Gisting í uppbúnum rúmum, fullt fæði, akstur, göngukort, aðgangseyrir og fararstjórn.

19. júlí **Urðarballi í Gunnólfsvíkurfjalli** (einn skór) 🌿

Í Gunnólfsvík verða skoðaðar minjar um saltfiskverkun og útgerð sem þar var í byrjun 20. aldar. Síðan verður gengið í Urðarbalann sem er stórgrýttur en gróðursæll og fallegur staður austan í fjallinu. (5 km.)

Mæting kl. 13:00 við skemmu Vegagerðarinnar í Gunnólfsvík.

16. ágúst **Rif á Melrakkasléttu** (einn skór) 🌿

Gengið eftir götuslóða út að bænum Rifi sem á sinni tíð var nyrsta byggða ból á landinu. Það er áhrifamikið að koma að Rifi og út á einn nyrsta tanga landsins. (11 km)

Mæting kl. 13:00 við slóðann að Rifi.

6. september **Sultahringur í Kelduverfi** (einn skór) 🌿

Gengið frá Víkingavatni um heiðina sunnan Veggja, vestur fyrir Veggjarenda og til baka norðan Veggja. Gengið um sumarhúsabyggð í Sultum, litið við hjá álfum og kíkt í gjár. (8 km)

Mæting kl. 13:00 við afleggjarann að Víkingavatni.

Október **Kerlingarhamrar á Melrakkasléttu** (einn skór) 🌿

Gengið frá Raufarhöfn um Egilsstaði, undir Miðásnum að Kerlingarhömrum. Fallega gróið svæði og haustlitir í hámarki. Gangan er í tengslum við menningarviku á Raufarhöfn.

Mæting kl. 13:00 við stjórnarsýsluhúsið á Raufarhöfn. (8 km.)